

Hr. Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2022

Efni: Tillaga um sölumeðferð á eftirstæðum eignarhlut í Íslandsbanka hf.

Bankasýsla ríkisins leggur hér með fram tillögu til fjármála- og efnahagsmálaráðherra í samræmi við ákvæði i. og j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Tillagan er svohljóðandi:

Að Bankasýsla ríkisins fái heimild til að selja alla eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. í nokkrum áföngum og að höfðu samráði við ráðherra um skiptingu þeirra og tímasetningar. Heimild þessi gildi í tvö ár eða til og með 31. desember 2023.

Tillaga þessi er grundvölluð á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en þar segir að „[s]tjórnvöld munu halda áfram að draga úr eignarhaldi ríkisins í fjármálakerfinu og nýta fjármuni sem liggja í slíkum rekstri í uppbyggingu innviða.“ Einnig byggir hún á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 en þar segir að „[e]ftir söluna 2021 á ríkið 65% hlut í Íslandsbanka og er stefnt að því að selja þann hlut að fullu á árunum 2022 og 2023 ef markaðsaðstæður verða ákjósanlegar.“

Bankasýsla ríkisins mun einungis selja eignarhluti ef markaðstæður eru hagfelldar. Þá mun stofnunin nýta viðurkenndar aðferðir sem almennt eru notaðar á markaði við að selja eignarhluti, einsog nánar er lýst í minnisblaði. Stofnunin mun reglulega hafa samráð og upplýsa ráðherra um mikilvægustu atriði hversrar sölu. Ráðherra mun síðan ávallt eiga endanlega ákvörðun um sölu í hvert og eitt skipti, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 155/2012. Nánari rökstuðning fyrir tillögunni er að finna í meðfylgjandi minnisblaði Bankasýslu ríkisins til ráðherra, dags. 20. janúar 2022.

Virðingarfyllst,

Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar

Margrét Kristmannsdóttir, varaformaður

Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi

Jón G. Jónsson, forstjóri